HÖNNUN OG SMÍÐI – 2. BEKKUR - 2026-2027

Hlíðaskóli
Ábyrgð - Vinsemd - Virðing

Kennari:Einar Kristján Hilmarsson

Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.
• Nemendur læra m.a. að nota laufsög, al og sandpappír • Verkefni: Snagahús, þeytispjald og fleira • Kennt sem hluti af Listasmiðju, 10-12 skipti
Námsmarkmið
Nemandi: • getur notað af sjálfsdáðum áhöld, verkfæri og hlífðarbúnað samkvæmt hæfniviðmiðum • hefur bætt færni sína og æft einbeitingu og þolinmæði • notar ímyndunarafl til að auka færni sína og þekkingu
Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum
• Sýnikennsla • Umræður • Verklegt nám – lært af reynslunni • Einstaklingsmiðað nám
Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?
- Leiðsagnarmat • vinnan metin jöfnum höndum og fyrst og fremst lagt mat á framfarir - Verkefnamat • verkefni metin þegar þeim er lokið - Lokamat • framfarir og verkefni metin í lok námstíma

Viðmið úr námskrá
Nemendur: • geti mælt með tommustokk, notað vinkil, sagað með bakkasög í skerstokk, notað þvingur og klemmur og skreytt með brennipenna. • nái góðum tökum á að nota sandpappír á réttan hátt með eða án púsbubbs og fái skilning á mismunandi grófleika. • þekki bora og geti merkt fyrir borun með al og borað einfalda borun með súluborvél. • noti persónuhlífar eins og hlífðargleraugu og heyrnarhlífar þegar það á við • geti notað líkamann rétt við vinnu sína og réttar vinnustellingar

Matsviðmið
Nemandi: • getur notað af sjálfsdáðum áhöld, verkfæri og hlífðarbúnað samkvæmt hæfniviðmiðum • þekkir þau efni og vinnubrögð sem við eiga • hefur bætt færni sína og náð valdi á helstu vinnubrögðum sem við eiga